



Nefndarálit forsætisnefndarinnar um

Ráðherranefndartillögu um fjárhagsáætlun 2015

1. Tillaga forsætisnefndarinnar

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að Norðurlandaráð komi fyrir að gerð fjárhagsáætlunar en nú er þegar umbætur hafa verið gerðar á fjárhagsáætlunarferlinu;

að minnkun matarúrgangs njóti áfram forgangs hjá Norrænu ráðherra-nefndinni. Samanlagt verði 2,4 m.d.kr. eyrnamerkta í þeim tilgangi, þar af 400.000 d.kr. undir fjárlagalið 1-8007 (Lífhagkerfi) með það fyrir augum að skapa þekkingu og finna nýstárlegar leiðir til að draga úr matarúrgangi;

að samstarf um málefni norðurslóða njóti enn forgangs og að á árinu 2015 verði fjárveiting aukin til málaflokksins í ljósi þess að Danir leggja áherslu á „Bláu norðurslóðirnar“ í formennskuáætlun sinni;

að nýr kafli hefjist hjá verkefninu Ný norræn matargerð þegar 894.000 d.kr. verður varið til að styðja við myndun stefnumótandi tengslaneta hjá mikilvægum stofnunum. Auk þess hyggst danska formennskan beina sjónum að Nýrri norrænni matargerð innan ramma áætlunarinnar „Gildi“ (fjárlíður 1-8010);

að undir fjárlíðnum 5-6610 verði tekið fram að í fiskveiðisamstarfinu verði áfram lögð áhersla á samfélagsþróun á strandsvæðum, norður-skautssvæðin og viðfangsefni í kjölfar breytinga á útbreiðslu mikilvægra fiskitegunda, þar á meðal uppsjávartegunda í Norður-Atlantshafi. Ennfremur mun danska formennskan leggja áherslu á að auka sjálfbærni í nýtingu auðlinda í Norðaustur-Atlantshafi innan ramma áætlunarinnar „Gildi“;

að aðgerðir á sviði lífhagkerfis séu mikilvægur þáttur í starfi að grænum hagvexti og sjálfbærni. Á sviði lífhagkerfis er leitast eftir að lágmarka eins mikið og hægt er úrgang í verðmætakeðjunni og álag á umhverfið og jafnframt að hámarka verðmæti verðmætakeðjunnar. Markmiðið er

ennfremur að vekja athygli nýrra kynslóða á mikilvægi græns hagvaxtar og sjálfbærni og takast á við viðfangsefni á sviði matvælaöryggis og loftslagsbreytinga;

að markmið starfs á sviði líffræðilegrar fjölbreytni undir fjárlagaliðnum 8-3311 (Starfshópar – umhverfismál) verði tilgreind nánar með því:

- að norræn vistkerfi á landi verði í góðu ástandi;
- að gott jafnvægi milli verndunar og sjálfbærrar nýtingar á vistkerfum; náttúrunni, menningarumhverfi og borgarumhverfi séu auðlindir sem stuðli að velferð, vellíðan og útivist almennings á Norðurlöndum;
- að Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna og Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni uppfylli markmiðin.

að Norðurlandaráði verði greint frá tvíhliða ferlum landanna í því skyni að leysa skilagjaldavandann og að Norræna ráðherranefndin bíði að öðru leyti átekta eftir útkomu ferlisins;

að Norræna ráðherranefndin, auk þess að eyrnamerkja 400.000 d.kr. til HELCOM til framkvæmdar Baltic Sea Action Plan (BSAP), standi að aðgerðum gegnum HAV-vinnuhópinn og verkefni norræna umhverfis-fjármögnunarfélagsins (NEFCO) sem miða að því að bæta vistfræðilegt ástand Eystrasaltsins. Aðgerðirnar spanna breitt svið, þar á meðal greiningar, innleiðingu nýstárlegra lausna, námstefnur og þróunarverkefni;

að 400.000 d.kr. verði varið til verðlauna Norðurlandaráðs;

að 1 m.d.kr. verði veittar Norrænu blaðamannamiðstöðinni á árinu 2015. Féð verði tekið frá fjárlagaliðnum „Stefnumótandi aðgerðir“ (4-2208);

að þar til annað hefur verið ákveðið geti Norræni sumarháskólinn (NSU) haldið áfram starfsemi sinni óbreyttri og ennfreður að NordForsk geti lækkað fjárveitingar til NSU árið 2015 um í hæsta lagi 2,4% en hlutfallslega er það sami sparnaður og NordForsk er ætlað að taka á sig;

að hafin verði könnun á því hvort samlegðaráhrif og hagkvæmni geti falist í sameiginlegu norrænu bókasafnsverkefni;

að börn og ungmenni njóti forgangs í stuðningi Norrænu ráðherra-nefndarinnar við kvikmynda- og sjónvarpsframleiðslu gegnum samstarfsstofnunina Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn;

að fé verði varið í fjárhagsáætlun ársins 2015 til að tilgreina norrænt samstarf um tillögur í skýrslu Bos Könberg að framtíðarsamstarfi Norðurlanda í heilbrigðismálum, þar á meðal baráttuna gegn sívaxandi sýklalyfjaónæmi. Ennfremur að fundað verði árlega um One Health (sýklalyfjaónæmi í læknavísindum og dýralækningum);

að kannað verði hvernig koma megi í veg fyrir að norræn börn og einstæðir foreldrar lendi í fátæktargildru;

að í ljósi góðrar reynslu á undanförunum árum verði unnið af sama krafti að nýrri þverfaglegri verkefnastöð og nýjum aðgerðum í baráttunni gegn mansali;

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

að Norræna ráðherranefndin meti niðurstöður neytendaráðstefnunnar þegar þær liggja fyrir og kanni hvernig hægt er að vinna áfram að þemanu daglegt líf án eiturefna.¹

Norðurlandaráð

2. Aðdragandi

Forsætisnefndinni hefur borist ráðherranefndartillaga um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2015. Fjárlagahópur forsætisnefndarinnar, en hann skipa formaðurinn Michael Tetzschner (K) Noregi, Bertel Haarder (V) Danmörku, Helgi Hjörvar (A) Íslandi, Hogni Hoydal (T) Færeyjum, Juho Eerola (saf) Finnlandi og Karin Åström (S) Svíþjóð, átti viðræður við íslensku formennskuna í Norrænu ráðherranefndinni og samdi síðan eftirfarandi drög að nefndarálini um tillöguna að fjárhagsáætlun fyrir árið 2015.

Fjárhagsáætlun ársins 2015 felur í sér sparnað sem nemur 2%. Forsætisnefndin er almennt mótfallin hlutfallslegum niðurskurði og lýsir því ánægju með að sparnaðaraðgerðir ársins 2015 virðast vera kerfislægar.

Fjárlagahópur forsætisnefndarinnar studdist við hugmyndir og tillögur flokkahópanna þegar hann vann ýmsar breytingartillögur og er að vissu leyti komið til móts við sumar þeirra í samningstextanum hér að framan.

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

Eftirfarandi atriðum var hinsvegar *vísað á bug* í viðræðunum og eftirfarandi rök færð fyrir því innan sviga:

að hún meti hvort framvegis mætti styðjast við svonefnda aðseturslandsreglu í niðurskurði þar sem gestgjafalöndin fjármagni rekstur og föst útgjöld norrænna stofnana;
(Norræna ráðherranefndin vísar til þess að þetta myndi fela í sér sparnað í útgjöldum ráðherranefndarinnar en ekki raunverulegan sparnað í heildarframlögum landanna til norræns samstarfs.)

að Norðurlandaráð sé haft með í ráðum um hvernig ónotuðu fé er varið;
(Norræna ráðherranefndin vísar til fjárhagsreglugerðarinnar þar sem kveðið er á um að 15% óráðstafaðs fjár sé fært yfir á næsta fjárhagsár og innan sama fjárlagaliðs og því sé ráðstöfun fjárins óbreytt. Ónotað fé rennur aftur til landanna.)

að eftirfylgni með tilmælum A 1589/miljö um norrænar aðgerðir til að draga úr hættu sem stafar af hormónaraskandi efnum verði liður í ákvörðun um forgangsroðun innan norræna rannsóknasamstarfsins;
(Norræna ráðherranefndin vísar til svara við A 1589/miljö (að rannsóknaráðin í löndunum ákveði forgangsroðun í samnorrænum rannsóknunum.)

að Norræna ráðherranefndin þegar fram líða stundir kanni möguleika á hlutfjármögnun annars staðar frá (sbr. aðseturslandsregluna) til reksturs á norrænu upplýsingaskrifstofunum í Rússlandi og Eystrasaltsríkjunum (fjárlagaliðirnir 1-0960, 1-0970);
(Norræna ráðherranefndin vísar til þess að samið hafi verið til lengri tíma við umrædd lönd. Ennfremur til reglu um hlutfjármögnun annars staðar frá á verkefnum (30% í Rússlandi og 50% í Eystrasaltsríkjunum.)

að gestgjafalöndin fjármagni grunnkostnað upplýsingaskrifstofanna í Eystrasaltsríkjunum;
(Norræna ráðherranefndin vísar til þess að þá myndi Norræna ráðherranefndin missa tókin á starfseminni.)

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

¹ Skýrslan „Hvordan sikre forbrugerne en giftfri hverdag“ (Hvernig má tryggja neytendum daglegt líf án eiturefna?), Forbrukerrådet, september 2014, er send Norrænu ráðherranefndinni.

Norðurlandaráð

að ein eða tvær upplýsingaskrifstofur í Eystrasaltsríkjunum verði lagðar niður þegar fram líða stundir;
(Norræna ráðherranefndin vísar til þess að samið hafi verið til lengri tíma við umrædd lönd og bendir einnig á breyttar pólitískar aðstæður vegna ástandsins í Úkraínu.)

að ráðist verði í áformað verkefni um Norrænt hús í Flensborg með fjárveitingu úr formennskusjóðnum og óskar Norðurlandaráðs eftir því að verkefninu verði ýtt úr vör á formennskuári Danmerkur 2015.
(Norræna ráðherranefndin vísar til þess að sú upplýsingaskrifstofa sem fyrir er gangi vel og að Norræna ráðherranefndin vinni nú að nýrri stefnumótun um kynningu (markaðssetningu!) á Norðurlöndum og nái hún væntanlega einnig til aðgerða í Þýskalandi.)

að efla fjölbreytilega norræna menningu í skólum í breiðri merkingu með „sameiginlegri norrænni menningarlegri skólatösku“. Því ætti að leggja meiri áherslu á norræna menningu með því að kynna börnin fyrir menningu norrænu grannlandanna í skólum þannig að öll börn nái að kynnast norrænu víddinni gegnum menningu. Óskað er eftir viðræðum við Norrænu ráðherranefndina um viðeigandi upphæð til þessara aðgerða;
(Norræna ráðherranefndin vísar til þess að námsgagnagerð sé innan-ríkismál hverrar þjóðar.)

að koma á norrænni rafrænni skrá yfir lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga og annað löggilt fagfólk í heilbrigðisstétt, samanber tilmælin 28/2010/velferd. Óskað er eftir því að 0,3 m.d.kr. verði varið í að kanna forsendur fyrir því að setja slíka skrá á laggirnar og hvort lagaatriði í löndunum get staðið í vegi fyrir slíkri skrá;
(Norræna ráðherranefndin vísar til svara við 28/2010 (að löndin sjálf vilji sjá um sínar skrár.)

að almenningaáðgerðum og grunnstofnunum norræns samstarfs verði hlíft við niðurskurði, og að sparnaður verði aðallega á sviði stjórnsýslukostnaðar, forgangsverkefnasjóðs formennskulandsins og ráðherranna;
(Norræna ráðherranefndin vísar til þess að áhersla sé lögð á sparnað í stjórnsýslu frekar en áætlunum og stofnunum.)

3. Umsagnarferli

Tillaga framkvæmdastjórans að fjárhagsáætlun var send til umsagnar hjá öllum flokkahópum, nefndum og fulltrúum Norðurlandaráðs. Fjárlaga-hópurinn studdist við þær breytingartillögur og forgangsöröðun sem honum barst þegar samið var um þær endanlegu tillögur sem finna má í nefndar-álitinu.

4. Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Samkvæmt 64 gr. Helsingforssamningsins getur Norðurlandaráð lagt til breytta forgangsöröðun verkefna innan þeirra fjárhagsmarka sem ráðherranefndin þess hefur sett. Sé ekki hægt að tilgreina sérstakar ástæður ber ráðherranefndinni að fara að tillögum ráðsins.

Í viðræðunum við Norræna ráðherranefndina lagði forsætisnefndin til 30 breytingar á fjárhagsáætluninni. Norræna ráðherranefndin sá sér fært að koma til móts við allmargar ábendingar Norðurlandaráðs. Í öðrum tilvikum liggur fyrir rökstuðningur sem forsætisnefndin getur sætt sig við í fjárhagsáætlun ársins 2015. Það kemur þó ekki í veg fyrir að tillögurnar verði endurvaktar í fjárhagsáætlunarferli næsta árs.

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

Eins og áður hefur verið bent á er Norðurlandaráð óánægt með áframhaldandi niðurskurð á heildarfjárhagsáætlun norræns samstarf. Kröfur um sparnað og niðurskurð eru ekki í samræmi við yfirlýst markmið um að efla og þróa norrænt samstarf. Þær brjóta ekki síst í bága við óskir um að veita nýjum samstarfssviðum forgang, þar á meðal utanríkis- og varnarmálum, heilbrigðismálum, stefnumótun um málefni norðurslóða, nýjum verðlaunum og hnattvæðingarverkefni forsætisráðherranna svo eitthvað sé nefnt. Því hvetur forsætisnefndin til þess að framvegis verði ekki frekari niðurskurður á fjárhagsáætlunum.

Forsætisnefndin telur heldur ekki heppilegt að tillögur um sparnað hjá ákveðnum stofnunum og annarri starfsemi, sem Norðurlandaráði hafnaði þegar við gerð fjárhagsáætlunar og samráði þar að lútandi, geti risið upp á ný eða birst í nýjum búningi (til dæmis sparnaður hjá Norrænu blaðamannamiðstöðinni, Norrænu húsunum og Norræna sumarháskólanum).

Því væntir forsætisnefndin mikils af nýju fjárhagsáætlunarferli þar sem samráð um fjárhagsáætlanir næsta og þar næsta árs hefst fyrr og hægt verður að semja samhlíða, og óskar hún eftir því að nýtt fjárhagsáætlunarferli með meiri aðkomu ráðsins verði tekið í notkun hið fyrsta.

5. Niðurstaða

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að Norðurlandaráð komi fyrr að gerð fjárhagsáætlunar en nú er þegar umbætur hafa verið gerðar á fjárhagsáætlunarferlinu;

að minnkun matarúrgangs njóti áfram forgangs hjá Norrænu ráðherranefndinni. Samanlagt verði 2,4 m.d.kr. eyrnamerkar í þeim tilgangi, þar af 400.000 d.kr. undir fjárlagalið 1-8007 (Lífhagkerfi) með það fyrir augum að skapa þekkingu og finna nýstárlegar leiðir til að draga úr matarúrgangi;

að samstarf um málefni norðurslóða njóti enn forgangs og að á árinu 2015 verði fjárveiting aukin til málaflokksins í ljósi þess að Danir leggja áherslu á „Bláu norðurslóðirnar“ í formennskuáætlun sinni;

að nýr kafli hefjist hjá verkefninu Ný norræn matargerð þegar 894.000 d.kr. verður varið til að styðja við myndun stefnumótandi tengslaneta hjá mikilvægum stofnunum. Auk þess hyggst danska formennskan beina sjónum að Nýrri norrænni matargerð innan ramma áætlunarinnar „Gildi“ (fjárlíður 1-8010);

að undir fjárlíðnum 5-6610 verði tekið fram að í fiskveiðisamstarfinu verði áfram lögð áhersla á samfélagsþróun á strandsvæðum, norður-skautssvæðin og viðfangsefni í kjölfar breytinga á útbreiðslu mikilvægra fiskitegunda, þar á meðal uppsjávartegunda í Norður-Atlantshafi. Ennfremur mun danska formennskan leggja áherslu á að auka sjálfbærni í nýtingu auðlinda í Norðaustur-Atlantshafi innan ramma áætlunarinnar „Gildi“;

að aðgerðir á sviði lífhagkerfis séu mikilvægur þáttur í starfi að grænum hagvexti og sjálfbærni. Á sviði lífhagkerfis er leitast eftir að lágmarka eins mikið og hægt er úrgang í verðmætakeðjunni og álag á umhverfið og jafnframt að hámarka verðmæti verðmætakeðjunnar. Markmiðið er ennfremur að vekja athygli nýrra kynslóða á mikilvægi græns hagvaxtar og sjálfbærni og takast á við viðfangsefni á sviði matvælaöryggis og loftslagsbreytinga;

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

að markmið starfs á sviði líffræðilegrar fjölbreytni undir fjárlagaliðnum 8-3311 (Starfshópar – umhverfismál) verði tilgreind nánar með því:

- að norræn vistkerfi á landi verði í góðu ástandi;
- að gott jafnvægi milli verndunar og sjálfbærrar nýtingar á vistkerfum; náttúrunni, menningarumhverfi og borgarumhverfi séu auðlindir sem stuðli að velferð, vellíðan og útivist almennings á Norðurlöndum;
- að Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna og Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni uppfylli markmiðin.

að Norðurlandaráði verði greint frá tvíhliða ferlum landanna í því skyni að leysa skilagjaldavandann og að Norræna ráðherranefndin bíði að öðru leyti átekta eftir útkomu ferlisins;

að Norræna ráðherranefndin, auk þess að eyrnamerkja 400.000 d.kr. til HELCOM til framkvæmdar Baltic Sea Action Plan (BSAP), standi að aðgerðum gegnum HAV-vinnuhópin og verkefni norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO) sem miða að því að bæta vistfræðilegt ástand Eystrasaltsins. Aðgerðirnar spanna breitt svið, þar á meðal greiningar, innleiðingu nýstárlegra lausna, námstefnur og þróunarverkefni;

að 400.000 d.kr. verði varið til verðlauna Norðurlandaráðs;

að 1 m.d.kr. verði veittar Norrænu blaðamannamiðstöðinni á árinu 2015. Féð verði tekið frá fjárlagaliðnum „Stefnumótandi aðgerðir“ (4-2208);

að þar til annað hefur verið ákveðið geti Norræni sumarháskólinn (NSU) haldið áfram starfsemi sinni óbreyttri og ennfremur að NordForsk geti lækkað fjárveitingar til NSU árið 2015 um í hæsta lagi 2,4% en hlutfallslega er það sami sparnaður og NordForsk er ætlað að taka á sig;

að hafin verði könnun á því hvort samlegðaráhrif og hagkvæmni geti falist í sameiginlegu norrænu bókasafnsverkefni;

að og ungmenni njóti forgangs í stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar við kvikmynda- og sjónvarpsframleiðslu gegnum samstarfsstofnunina Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn;

að fé verði varið í fjárhagsáætlun ársins 2015 til að tilgreina norrænt samstarf um tillögur í skýrslu Bos Könberg að framtíðarsamstarfi Norðurlanda í heilbrigðismálum, þar á meðal baráttuna gegn sívaxandi sýklalyfjaónæmi. Ennfremur að fundað verði árlega um One Health (sýklalyfjaónæmi í læknavísindum og dýralækningum);

að kannað verði hvernig koma megir í veg fyrir að norræn börn og einstæðir foreldrar lendi í fátæktargildru;

að í ljósi góðrar reynslu á undanförunum árum verði unnið af sama krafti að nýrri þverfaglegri verkefnastöð og nýjum aðgerðum í baráttunni gegn mansali;

að Norræna ráðherranefndin meti niðurstöður neytendaráðstefnunnar þegar þær liggja fyrir og kanni hvernig hægt er að vinna áfram að þemanu daglegt líf án eiturefna².

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

Blaðsíða 6 af 7

B 297/præsídiet

² Skýrslan „Hvordan sikre forbrugerne en giftfri hverdag“ (Hvernig má tryggja neytendum daglegt líf án eiturefna?), Forbrukerrådet, september 2014, er send Norrænu ráðherranefndinni.

Stokkhólmi, 28. október 2014

Arto Pirttilahti (cent)
Bertel Haarder (V)
Guðbjartur Hannesson (A)
Hans Wallmark (M)
Høgni Hoydal (T)
Höskuldur Þórhallsson (F)
Juho Eerola (saf)

Karin Gaardsted (S)
Kimmo Sasi (saml)
Marit Nybakk (A)
Michael Tetzschner (H)
Phia Andersson (S), varaformaður
Simo Rundgren (cent)

Tillaga að breytingu á lið 11:

Fjárlagahópurinn og forsætisnefndin hafa lagt fram einróma tillögu þess efnis að veita Norrænu blaðamannamiðstöðinni fjárveitingu að upphæð 2,8 milljónir d.kr., svo miðstöðin geti haldið áfram starfsemi sinni. Við gerð fjárhagsáætlunar síðasta árs var sú krafa Norðurlandaráðs skýr að starfsemi blaðamannamiðstöðvarinnar ætti að geta haldið áfram.

Grundvöllur þessa er ekki síst markmiðið um að efla upplýsingaflæði á Norðurlöndunum og auka sýnileika landanna og norræns samstarfs – og skjóta stoðum undir sýnina um öflugan og opinberan samnorrænan vettvang, auk traustrar og gagnrýnnar blaðamennskuhefðar. Norræna blaðamannamiðstöðin stendur einmitt fyrir þessi gildi og getur reynst mikilvægt verkfæri til að halda þeim á lofti.

Því miður hefur ekki náðst lending um málið gagnvart Norrænu ráðherranefndinni í fjárlagaferlinu og sú tillaga sem fyrir liggur, um fjárveitingu sem nemi 1 milljón d.kr., jafngildir því í raun að Norræna blaðamannamiðstöðin yrði lögð niður.

Því er það lagt til að Norðurlandaráð taki ákvörðun um að upprunaleg tillaga fjárlagahópsins og forsætisnefndarinnar um 2,8 m.d.kr. fjárveitingu til Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar skuli koma til framkvæmdar.

Eftirfarandi breyting er því lögð til á lið 11:

„að 2,5 m.d.kr. verði veittar Norrænu blaðamannamiðstöðinni á árinu 2015. Féð verði tekið frá fjárlagaliðnum „Stefnumótandi aðgerðir“ (4-2208)“.

Stokkhólmi, 28. október 2014

Høgni Hoydal (T)
Marit Nybakk (A)
Phia Andersson (S)
Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð

B 297/præsídiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00165-4

Norðurlandaráð